

E06 og V01

Atferlisíhlutun í barnavernd: Notkun CLEAN matslistans til þess að draga úr vanrækslu á aðbúnaði barna á sex heimilum.

Auður Ögmundardóttir, atferlisfræðingur í Arnarskóla
Kristín Helga Hallgrímsdóttir, atferlisfræðingur hjá Reykjavíkurborg
Perla Ósk Young, atferlisfræðingur í Klettabæ

Inngangur

Á Íslandi er vanræksla algengasta ástæða tilkynninga til barnaverndar. Vanræksla getur haft alvarlegar og langvarandi afleiðingar á líf barns og þarf að grípa hratt inn í aðstæður með ráðgjöf eða meðferð. Skortur á hreinlæti heimilis er einn undirflokkur líkamlegrar vanrækslu samkvæmt flokkunarkerfi Barnaverndar. Tilgangur rannsókna var að kanna, með aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar, hagkvæmni og réttmæti matslistans CLEAN (The Checklist of Living Environments to Assess Neglect) sem var hannaður af Project 12-Ways í Bandaríkjunum.

Efniviður og aðferðir

Rannsóknirnar fóru fram á heimilum sex skjólstæðinga barnaverndar sem áttu sér sögu um vanrækslu á aðbúnaði barna með það markmið að bæta heimilisaðstæður þeirra. Íhlutun stóð yfir í 13-22 vikur og var einliðasniðið, margfalt grunnskeiðssnið á milli herbergja notað til að meta árangur íhlutunar. Atferlisíhlutun var beitt til að aðstoða fjölskyldurnar við að koma heimilum sínum í ásættanlegt horf varðandi tiltekt og hreinlæti. Íhlutunin fól meðal annars í sér sýnikennslu, ráðgjöf og markmiðasetningu. Verkefnum var skipt niður í viðráðanlegar einingar og fjölskyldunum veitt endurgjöf á frammistöðu auk jákvæðrar styrkingar fyrir að ná markmiðum. CLEAN matslistinn var notaður til að mæla ástand heimilanna allt rannsóknartímabilið.

Niðurstöður

Niðurstöður sýndu að með notkun CLEAN matslistans og atferlisíhlutun var hægt að kenna fjölskyldum nýja færni ásamt því að styrkja þá færni sem þegar var til staðar. Hreinlæti og tiltekt jókst á öllum heimilum, árangur var mælanlegur og viðhélst yfir allt rannsóknartímabilið. Félagslegt réttmæti mældist hátt hjá öllum fjölskyldunum.

Ályktanir

Líkt og í Bandaríkjunum nýtist CLEAN listinn vel á Íslandi með skjólstæðingum sem þurfa að bæta aðbúnað barna sinna. Matstækið leyfir hlutlægt markvisst mat á framförum skjólstæðinga.